

S K Ý R S L A
framkvæmdastjóra og stjórnar STEFs fyrir síðasta starfsár stjórnar

Lögð fyrir aðalfund STEFs 16. maí 2015

Ávarp framkvæmdastjóra

Kæru samstarfsmenn.

Við lestur ársskýrslu samtakanna fyllist undirrituð stolti yfir því hve mikið starf hefur verið unnið af stjórn og starfsfólki samtakanna síðasta rekstrarár. Rekstur samtakanna hefur gengið ágætlega að meginstefnu til og enn eitt árið sjáum við aukningu tekna. Að þessu sinni er sérstaklega eftirtektarvert að sjá aukningu tekna vegna aukins flutnings verka meðlima STEFs á erlendri grundu. Þessari þróun er vert að fagna. Meðlimir STEFs eiga allan heiður af þessari tekjuaukningu en væntanlega er einhver hluti þessarar aukningar því að þakka að starfsfólk STEFs hefur sett aukinn kraft í að fræða meðlimi sína um hversu mikilvægt það er fyrir þennan tekjustraum að það sjái til þess að lagalistar vegna lifandi flutnings tónlistar þeirra skili sér til viðkomandi samtaka. Hefur STEF í auknum mæli tekið að sér að koma þessum lagalistum í réttar hendur fyrir meðlimi samtakanna. Þá hefur einnig verið unnið mikið starf innan STEFs í að fræða meðlimi samtakanna um möguleikana á að koma tónlist sinni lengra erlendis með aðstoð ÚTÓN og í gerð forleggjarasamninga eða samstarfssamninga við tónlistarstjóra. Í þessu skyni hefur STEF haldið nokkurn fjölda vinnustofa með erlendum forleggjurum og tónlistarstjórum þar sem komið er á tengslum milli meðlima STEFs og þessara aðila og höfum við nú þegar nokkur dæmi um beinan árangur þessa starfs.

Enn sem áður er það áhyggjuefni hversu viðkvæm samtökin eru fyrir sveiflum í rekstri okkar stærstu viðskiptavina. Tekjur RÚV standa í stað ár eftir ár þrátt fyrir aukna notkun efnis svo sem á netinu. Þá hafa tekjur STEFs frá 365 miðlum ehf. dregist saman og sér þess glögg merki í ársreikningi samtakanna. Hefur undirrituð af þessu nokkrar áhyggjur.

Þá halda tekjur STEFs frá IHM vegna auðra banda enn áfram að lækka og er þessi tekjustofn í raun að engu orðinn. Er þetta vegna þess að ekki hefur verið uppfærð reglugerð um þau tæki og tól sem bera eiga gjald vegna eintakagerðar til einkanota í samræmi við tæknibreytingar. Vonir stóðu til þess að mennta- og menningarmálaráðherra myndi leggja fram lagafrumvarp til breytinga á þessu í ár, en ekki varð úr því.

Á móti sést að tekjur STEFs vegna tónlistarveitna á netinu aukast verulega og er það aðallega vegna tekna frá tónlistarveitunni Spotify sem kom inn með með nokkuð öflugan hóp áskrifenda hér á landi. Hins vegar vekur það áhyggjur hversu lítil hluti þeirra tekna kemur hingað til STEFs, eða ekki nema um 5%. Er ástæðan sú hversu litla spilun íslensk tónlist fær á veitunni á Íslandi. Ljóst er að þarna bíður íslenskra höfunda, flytjenda og útgefenda ásamt aðildarfélögum þeirra mikið verk.

Reykjavík, 10. maí 2015



Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hér á eftir verður greint frá helstu viðburðum í starfsemi STEFs á starfsárinu frá aðalfundi samtakanna þann 24. maí 2014 til aðalfundar 16. maí 2015.

1. Stjórn STEFs og stjórnarfundir.

Í stjórn STEFs á liðnu starfsári áttu sæti: Kjartan Ólafsson formaður, Jakob Frímann Magnússon varaformaður, Áskell Músson, Óttarr Ó. Proppé, Sigurður Flosason, Atli Heimir Sveinsson og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Á starfsárinu voru haldnir alls 7 stjórnarfundir. Í samræmi við samþykktir STEFs og fyrri venju sátu fundina, auk fyrrgreindra stjórnarmanna, framkvæmdastjóri Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri og Jenný Davíðsdóttir skrifstofustjóri.

Haldinn var opinn fundur fyrir meðlimi STEFs og aðra áhugasama þann 3. júní 2014. Fundinn sóttu 7 manns.

2. Almenn starfsemi

Starfsmannamál

Starfsmenn á skrifstofu STEFs voru á starfsárinu, þau Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, Jenný Davíðsdóttir skrifstofustjóri, Hrafnkell Pálmarsson markaðs- og innheimtustjóri, Guðrún Ásdís Lárusdóttir innheimtufulltrúi, Magnús Guðmundsson skrásetjari, Sigríður Guðjónsdóttir gjaldkeri, Brynja Guðmundsdóttir, skrásetjari og Guðný Rósa Gísladóttir bókarari. Vegna fæðingarorlofs Brynju Guðmundsdóttur var nýr starfsmaður, Hrannar Ingimarsson, ráðinn í hennar stað í mars 2015. Að framkvæmdastjóra meðtöldum eru fastráðnir starfsmenn STEFs nú 8 talsins, þar af er einn starfsmaður í hlutastarfi.

Fyrir utan þessa föstu starfsmenn STEFs, unnu hlutastörf á skrifstofu tveir háskólanemar, þau Bjarney Gísladóttir sem aðallega vann í skráningum vegna tónleika og laganeminn Stefán B. Stefánsson sem aðstoðaði innheimtudeild. Unnu þau að meðaltali hálfan dag á viku. Þá hefur skrifstofan enn fremur notið aðstoðar verktaka við eftirlit með veitingastöðum eftir því sem þörf krefur.

Málaferli við fyrrverandi markaðs- og innheimtustjóra

Eins og greint var frá í síðustu ársskýrslum kom upp ágreiningur við fyrrverandi markaðs- og innheimtustjóra Gunnar Stefánsson, sem hætti endanlega störfum fyrir STEF þann 31. desember 2012 í samræmi við starfslokasamning sinn. Setti Gunnar fram kröfu um greiðslu vegna lista yfir viðskiptavinum STEFs sem hann annaðist innheimtu hjá og afhenti skrifstofu STEFs við starfslok sín. Eftir árangurslausar samningaviðræður stefndi Gunnar STEFi fyrir héraðsdóm. Féll dómur í málinu þann 4. desember 2014 þar sem fallist var á kröfur STEFs í málinu. Gunnar hefur nú áfrýjað málinu til Hæstaréttar. Fer Ástráður Haraldsson hrl. með málið fyrir hönd STEFs.

Aðstoð við einstaka höfunda

Að venju aðstoðar skrifstofa STEFs á ári hverju töluverðan fjölda höfunda. Beiðnir um aðstoð vegna samninga um útgáfu hljómríta, samninga við forleggjara, samninga við kvikmyndaframleiðendur og jafnvel umboðsmenn voru allmargar sl. ár. Þá er einnig nokkuð

algennt að einstakir höfundar hafi fengið aðstoð vegna hugsanlegs brots á sæmdarrétti, s.s. vegna breytinga á textum án heimildar og notkunar laga í auglýsingar án viðhlítandi samþykkis höfundar. Er þetta nokkuð viðamikill þáttur í daglegri starfssemi samtakanna.

Samningar við systursamtök

Undirritaður hefur verið gagnkvæmur samningur við systursamtök STEFs í Úkraínu og í Perú. Þá hefur einnig verið undirritaður gagnkvæmur samningur við systursamtök STEFs í Búlgaríu og Macau.

Framkvæmdir á húsnæði

Sumarið 2014 var parketgólf á jarðhæð og kjallara slípað og lakkað. Handrið var sett upp í portinu til varnar falli niður á tröppur sem þar eru.

Ferðasjóður styrktur

Á fundi sínum í ágúst 2014 ákvað stjórn STEFs að leggja viðbótarfé inn í Ferðasjóð samtakanna og styrkja þannig höfuðstól hans frekar þannig að hægt yrði að afhenda úr honum styrki árlega er næmu um 3 millj. króna. Á þeim tímapunkti var ljóst að án viðbótarfjár yrði að draga verulega úr styrkveitingum hans, en lengi hafði verið gengið á höfuðstól hans. Lagðar voru 15 milljónir í sjóðinn.

Vinnuhópur um Evrópumál

Stjórn skipaði á árinu 2014 sérstakan vinnuhóp um Evrópumál sem hefur tekið til starfa og fundað nokkrum sinnum. Vinnuhópin skipa Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Hafdís Bjarnadóttir og Óttarr Proppé. Er hópnunum ætlað að gera tillögu að stefnu samtakanna varðandi innleiðingu á tilskipun ESB um innheimtusamtök bæði gagnvart stjórnvöldum en einnig inn á við, varðandi hugsanlegar breytingar sem gera þarf á skipulagi samtakanna í samræmi við tilskipunina.

Nefnd um endurskoðun samkomulags TÍ og FTT

Stjórn ákvað í mars 2015 að skipa sérstaka þriggja manna nefnd ásamt framkvæmdastjóra til að endurskoða efni samkomulags FTT og TÍ frá 2009. FTT tilnefndi Sigurð Flosason í þessa nefnd og stjórn tilnefndi Óttarr Proppé sem fulltrúa utanfélagsmanna. Þá var Karólína Eiríksdóttir tilnefnd af hálfu TÍ.

Afhending styrkja

Þann 25. september 2014 voru í fyrsta sinn afhentir styrkir úr Nótnasjóði og Hljóðritasjóði STEFs með hátíðlegri viðhöfn. Af 27 styrkþegum mættu 25 til viðburðarins og var það mál manna að sérlega vel hefði tekist til. Höfðu styrkþegarnir orð á því að svona viðburðir væru góðir til að efla samkennd og tengslanetið auk þess sem tækifæri gæfist til að ræða við starfsmenn STEFs um ýmis mál er á þeim brenna.

Vinnustofur í samstarfi við ÚTÓN

Í samræmi við ákvörðun stjórnar STEFs um áframhaldandi vinnu við að aðstoða höfunda við að koma efni sínu betur á framfæri erlendis, voru haldnar vinnustofur þann 4. og 5. nóvember 2014 í samstarfi við ÚTÓN. Vegna þessa komu hingað til lands tveir tónlistarforleggjarar, annars vegar frá Danmörku og hins vegar Noregi, svo og tveir bandarískir tónlistarráðgjafar. Alls voru vinnustofurnar fjórar talsins. Mikil ánægja var með vinnustofurnar bæði meðal þátttakenda svo og erlendu fyrirlesaranna, eftirspurnin var svo mikil að vísa þurfti nokkrum áhugasömum aðilum frá.

Þá var haldin vinnustofa með Tim Brooke forleggjara frá Faber Music í Bretlandi í byrjun árs 2015 og tókst hún einnig mjög vel.

RoadMap vinnustofa

Vinnustofa með starfsmönnum STEFs var haldin þann 27. ágúst sl. Þar sem unnin var greining á hagsmunaaðilum STEFs. Í kjölfarið vann RoadMap skýrslu fyrir samtökin þar sem tekið var á ýmsum atriðum er varða samfélagsábyrgð í víðum skilningi þess orðs.

Könnun meðal meðlima

Send var út könnun í janúar 2015 til allra meðlima STEFs sem tilkynnt hafa netfang sitt til samtakanna. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um viðhorf meðlima samtakanna til STEFs og þá sérstaklega þjónustu þeirra við meðlimi. Þá var einnig spurt út í ýmis atriði er tengjast framtíðarstefnumótun þeirra. Fyrirtækið Roadmap aðstoðaði STEF við gerð könnunarinnar og úrvinnslu. Draga má saman niðurstöður könnunarinnar í að annars vegar hafi verið mikil ánægja með þjónustu skrifstofunnar meðal þeirra meðlima sem til hennar hafa leitað, en einnig að mikið skorti á þekkingu meðlima á grunnstarfsemi samtakanna. Er það mikilvæg ábending til stjórnar og starfsfólks um að halda áfram öflugu fræðslustarfi meðal meðlima.

Ályktun um VSK

Stjórn STEFs sendi frá sér ályktun um fyrirhugaða hækkun á virðisaukaskatti á sölu tónlistar með bréfi dags. 14. október 2014.

Innleiðing á ICE gagnagrunninum

Ljóst er að óhjákvæmilegt er fyrir samtökin annað en að innleiða nýjan gagnagrunn fyrir úthlutun í ljósi þess að Nord-Doc gagnagrunnur NCB mun verða lagður niður á árinu 2015 og við tekur ICE gagnagrunnurinn sem er í eigu STIM og PRS. Hefur á árinu verið unnið að undirbúningi innleiðingarinnar hér á landi. Er það forsenda STEFs að gagnagrunnurinn muni geta unnið með íslenska bókstafi. Enn er óljóst hvað aðgangur að gagnagrunninum muni kosta STEF, en gera má ráð fyrir að hann verði töluvert meiri en sá kostnaður sem STEF hefur haft af því að reka sinn eigin gagnagrunn. Verður innleiðingin tekin í skrefum og ekki teft í tvísýnu með gögn STEFs.

Eurosonic

Í samræmi við ákvörðun stjórnar styrkti STEF þátttöku íslenskra hljómsveita á Eurosonic í Groningen í Hollandi sem fram fór um miðjan janúar. Var Ísland sérstakt fókusland Eurosonic að þessu sinni og fóru 19 íslenskar hljómsveitir til að spila á hátíðinni. STEF styrkti ÚTÓN almennt til að taka þátt í þessu verkefni og var síðan hugmyndin að STEF stæði að sérstakri móttöku fyrir forleggjara o.fl. Eftir að í ljós kom að hlutfallslega fáir forleggjarar væru skráðir á hátíðina, var ákveðið að í stað þess að STEF stæði fyrir sérstakri móttöku, myndi fjármagn STEFs, sem veita átti í það verkefni, fara í að styrkja sameiginlega móttöku ÚTÓN, Menntamálaráðuneytisins og STEFs sem fram fór að kvöldlagi þann 15. janúar í ráðhúsi Groningenborgar. Lagði STEF áherslu á að forleggjurum yrði sérstaklega boðið í móttökuna. Þá var haft samband við hljómsveitirnar sem tóku þátt og þeim boðin aðstoð við að tengja sig þeim forleggjurum sem á hátíðinni voru. Var forleggjurunum einnig sendur sérstakur póstur þar sem fram kom að tiltekna íslenskar hljómsveitir, sem væru á staðnum, væru að leita sér á forleggjara. Boðskortið sem sent var út vegna móttökunnar er meðfylgjandi. Á hátíðina mættu Borgarstjóri, Menntamálaráðherra og Atvinnu- og nýsköpunarráðherra og var ekki síður mikilvægt að nota tækifærið til að ræða við þau um stuðning við íslenska tónlist.

Menningarnótt

Á Menningarnótt í ágúst 2014 stóð STEF í fyrsta sinn fyrir viðburði í bakgarði STEFs að Laufásvegi 40 undir yfirskriftinni STEFnumót við söngvaskáld. Þeir sem komu fram voru þau Jónas Sigurðsson, Gunnar Þórðarson, Lay Low og Ragnheiður Gröndal. Er skemmst frá því að segja að þetta lukkaðist framar vonum, en garðurinn troðfylltist. Verður þetta vonandi endurtekið árlega.

Heimsókn stjórnarformanns STIM

Kjell-Áke Hamren stjórnarformanni STIM var boðið til Íslands í tengslum við Myrka músíkdaga 2015, en hann er listrænn stjórnandi nýrrar tónlistarhátíðar fyrir nútímatónlist í Stokkhólmi. Um leið var þetta tækifæri til að treysta vinaböndin við STIM.

Heimsókn Kasper Halkier frá KODA

Kasper Halkier yfirmaður on-line deildar KODA kom og hélt erindi fyrir stjórn STEFs þann 3. október 2014. Síðar sama dag hélt hann erindi fyrir hagsmunaaðila og samstarfsaðila STEFs þar sem hann fjallaði um leyfisveitingar fyrir tónlist á netinu og framtíð tónlistar á netinu.

Heimsókn Robbert Baruch frá Buma Stemra

Robbert Baruch, framkvæmdastjóri Buma Stemra, kom og hélt erindi fyrir stjórn STEFs þann 23. mars 2015. Síðar sama dag hélt hann erindi fyrir hagsmunaaðila og samstarfsaðila STEFs þar sem hann fjallaði um það sem er efst á baugi hjá Evrópusambandinu hvað varðar höfundarétt.

Verkefni PRS Foundation – konur sem flytja eigin tónlist

Systursamtök STEFs í Bretlandi reka sérstaka stofnun, PRS Foundation, sem vinnur að tónlistartengdum verkefnum. Þessi stofnun hafði samband og óskaði eftir að Ísland kæmi inn í samstarf fjögurra landa, Bretlands, Eistlands, Svíþjóðar og Íslands, þar sem áherslan væri á að koma konum frá þessum löndum, sem flytja eigin tónlist, á framfæri. Búin hefur verið til grunnur að íslenski nefnd um verkefnið sem í sitja fulltrúi Airwaves, Hörpu, STEFs og KÍTÓN og er aðalverkefni þeirra að skoða fjármögnunarmöguleika auk þess að skipuleggja þátttöku íslenskra kvenna í verkefninu.

Heiðursmerki STEFs

Gunnar Þórðarson var sæmdur heiðursmerki STEFs við hátíðlega athöfn á afmælistónleikum hans í Hörpu þann 29. mars 2015.

Langspilið – verðlaun STEFs

Þann 11. maí 2015 afhenti STEF í fyrsta sinn í sögu samtakanna einum meðlima sinna sérstök verðlaun. Verðlaun þessi eru veitt fyrir eftirtektarverðan og framúrskarandi árangur sem tónhöfundur á sl. ári. Er ætlunin að verðlaun þessi verði héðan í frá veitt árlega. Verðlaun þessi eru kennd við hið íslenska hljóðfæri langspil. Jón Sigurðsson f. 1973 frá Þingeyri smíðaði verðlaunagripinn úr hlyn og mahóní. Verðlaunin hlaut Ólafur Arnalds. Ólafur hefur átt mikilli velgengni að fagna undanfarið og er hann verðugur handhafi fyrsta Langspils STEFs.

3. Samskipti við höfunda

Nokkuð mikið er um að höfundar fái aðstoð við gerð forleggjarasamninga. Er það álit STEFs að flestir samningarnir sem til STEFs berast til yfirlestrar séu óásættanlegir fyrir höfunda. Ljóst er að veruleg hættu er á að STEF tapi stórum rétthöfum til erlendra höfundaréttarsamtaka vegna ákvæða slíkra samninga. Þetta brýnir okkur í því að auka enn fræðslu um gerð samninga við forleggjara við meðlimi okkar. Útsendari frá bandarísku höfundaréttarsamtökunum SESAC kom á Airwaves og síðan þá hafa nokkrar úrsagnir úr STEFi borist samtökunum frá höfundum þar sem þeir ætla að fara til SESAC. Bæði er um það að ræða að einungis sé verið að taka Bandaríkin út úr samtökunum en einnig allan heiminn fyrir utan Ísland. Sýnir þetta okkur einnig vel að samkeppni um hæfileikafólk milli höfundaréttarsamtaka er alltaf að aukast.

4. Markaðsmál

Á starfsárinu var haldið áfram með það verkefni að auka upplýsingagjöf um starfsemi samtakanna út á við. Þannig komu til STEFs ýmsir hópar sem fengu kynningu á samtökunum. Þannig komu nemendur Hljóðheima í upptökustjórn o.fl. komu í heimsókn þann 10. ágúst 2014 og svo aftur í októbermánuði og fræddust um starfsemi STEFs.

KÍTÓN konur komu einnig í heimsókn til STEFs á árinu og var það þriðja heimsókn þeirra.

Að venju komu einnig nemendur Listaháskóla Íslands í tónsmíða- og flytjendadeild í heimsókn, auk nemenda í höfundarétti við Háskólann í Reykjavík. Þá var sigurvegurum og síðan öðrum meðlimum Músiktilrauna boðið í heimsókn og hefur það gefist vel að nota þann vettvang sem leið til að ná til yngri tónhöfunda.

STEF tók einnig þátt í Nýsköpunartorgi HR þann 23. maí 2014. Fékk STEF að vera með aðstöðu og merkingar á bás Einkaleyfastofunnar og kann STEF þeim bestu þakkir fyrir. Þá hélt STEF einn örfyrirlestur í tilefni af Nýsköpunartorginu.

Þann 19. september 2014 var haldið málþing um höfundarétt á vegum LHÍ og sat framkvæmdastjóri þar í pallborði ásamt formanni fulltrúaráðs og einum stjórnarmanni STEFs. Málþingið var vel sótt og voru umræður fjörugar.

Heimsóknir höfunda

Áfram hefur verið unnið í því að bjóða virkum höfundum í spjall um starfsemi STEFs og er það mat framkvæmdastjóra að tímanum sé vel varið í þessar heimsóknir, en mikil þörf er á fræðslu til meðlima STEFs um hvernig starfsemi samtakanna er háttað. Á starfsárinu komu rúmlega 30 höfundar eða hljómsveitir í slíka heimsókn og hefur verið mikil ánægja með þessar heimsóknir. Þetta virðist vera eina raunhæfa leiðin til að koma fræðslu á framfæri við meðlimi STEFs sem ekki virðast áfjáðir í að sækja fræðsluvöld eða námskeið. Frá upphafi þessa átaks hafa því yfir 60 höfundar eða hljómsveitir þegið slíkt boð STEFs.

Fésbókarsíða

Hefur sýnt sig að fésbókarsíða STEFs er ekki síður en heimasíða STEFs mikilvægt tæki til að miðla upplýsingum um starfsemi STEFs og höfundaréttarmálefni til meðlima samtakanna, en síðan var sett í loftið á síðasta ári. Á starfsárinu fjölgaði vinum síðunnar frá 1389 upp í 1888.

Rafrænt fréttabréf

Gefið var út rafrænt fréttabréf til meðlima STEFs í janúar 2015 með helstu fréttum af málefnum samtakanna.

5. Samskipti við viðskiptavinum

365 miðlar ehf.

Vegna vanskila á greiðslum til STEFs neyddust samtökin til að afskrifa hluta skuldar fyrirtækisins við samtökin. Áhrif þessa eru vel sýnileg í ársreikningi samtakanna.

Tónleikastaðir

Gerður var samstarfssamningur við Hljómahöllina á árinu. Samningurinn nær bæði til tónflutnings á safninu auk þess sem Hljómahöllin annast innheimtu á viðburðum í sölum hallarinnar. Samningar hafa einnig verið gerðir við tónleikastaðina Húrra, Mengi og Gamlabíó um opinberan flutning í þessum húsum.

Samsett leyfi til hljóðsetningar

Samkomulag var gert á árinu milli STEFs og SFH fyrir hönd flytjenda og hljómplötuframleiðenda um að veita í einu lagi leyfi til tiltekinnar og takmarkaðrar hljóðsetningar myndefnis svo og opinbers flutnings þess. Með samsettu leyfi er ferli leyfisveitinga einfaldað til muna til hagsbóta fyrir framleiðendur myndefnis. Þetta samsetta leyfi nær þó einungis til mjög takmarkaðra nota og takmarkaðra verka. Nánari upplýsingar um þetta er að finna á heimasíðu STEFs.

Endurskoðun greiðslna þjóðkirkjunnar

Hafnar eru viðræður við þjóðkirkjuna um endurskoðun greiðslna hennar vegna opinbers flutnings tónlistar við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir. Er þessar viðræður haldnar í framhaldi af fundi sem STEF átti með biskupi á síðasta ári.

Tónlistarveitur

Nýr samningur við Tónlist.is var undirritaður og munu greiðslur þeirra hækka í áföngum upp í 12%, til samræmis við samninga við aðrar tónlistarveitur. Hefur þessi breyting tekið langan tíma, en ástæðan er ekki einna síst því að kenna að í miðju samningaferli var fyrirtækið selt frá D3 til 365.

Undirritað var samkomulag við tónlistarveituna GooglePlay um starfsemi á Íslandi á árinu.

Undirritaður var samningur við tónlistarveituna ATMO Select ehf. (sem var áður Gogoyoko) um breytingar á samningi, en fyrirtækið er nú hætt streymisþjónustu og er eingöngu á fyrirtækjamarkaði. Þá hafa einnig verið viðræður undanfarið við Aurora Stream um gerð sambærilegs samnings um streymi á fyrirtækjamarkaði.

Stórréttindi

Eftir erindi sem barst STEFi erlendis frá um að íslenskt áhugaleikfélag hefði sett upp söngleiki án leyfis stórréttindahafa, auk þess að gefa út geisladiska án leyfis, ákvað stjórn STEFs að efna til fræðsluátaks um stórréttindi. Voru send bréf til Bandalags íslenskra leikfélaga, Félags leikstjóra á Íslandi, Bandalags íslenskra leikfélaga, Félags íslenskra

framhaldsskóla, Skólameistarafélagsins og Félags framhaldsskólanema, þar sem vakin er athygli á hvenær þörf sé á leyfi frá stórréttindahafa vegna uppsetningar söngleikja.

6. Höfundaréttarmálefni

Í júní 2014 kom út skýrsla rýnihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á hindrunum fyrir streymisþjónustu ásamt tillögum. Helstu niðurstöður hennar voru að virðisaukaskattur af sölu kvikmynda á netinu verði lækkaður úr 25,5% í 7%. Það sama nái yfir til sölu á myndefni eftir pöntun til samræmis við skatt af afnotagjöldum sjónvarpsstöðva. Á þann hátt verði miðlun hljóð- og myndefnis með nýrri tækni öll undir sömu skattprósentu. Stutt verði við innlenda framleiðslu og þar með framboð á stafrænu menningarefni á íslensku. Huga þarf að hvernig menning smáríkja og staða lítilla málssvæða verði sem best tryggð í kjölfar alþjóðavæðingar og tækniþróunar. Efla þurfi leiðbeiningar og fræðslu um höfundarétt og þá sérstaklega gagnvart yngstu kynslóðinni í gegnum skólakerfið. Vakin verði sérstök athygli á hindrunum og mögulegum úrræðum fyrir lítil markaðssvæði í tengslum við efniskaupasamninga á höfundavörðu efni á formennskuári Íslands í norrænu samstarfi.

Verið er að vinna að hugverkastefnu ríkisstjórnarinnar af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og innan hennar mun verða kafli um höfundaréttarstefnu.

Á starfsárinu voru lögð fram eftirfarandi frumvörp fyrir Alþingi er snerta höfundarétt, en þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hvort þau verða samþykkt á þessu þingi:

- a. Heildarendurskoðun 1. kafla auk ákvæða um sammingskvaðir.
- b. Lengdur verndartími hljóðrita sbr. tilskipun ESB
- c. Munaðarlaus verk sbr. tilskipun ESB

7. Aðgerðir gegn ólöglegri dreifingu tónlistar á netinu

Dómur gekk í máli STEFs gegn fjarskiptafyrirtækjunum Vodafone og Hringdu þann 14. október 2014 og er hann meðfylgjandi. Í dóminum var sýslumanni gert að leggja lögban við því að hafa opið aðgengi að tilteknum vefsíðum (Deildu.net og Pirate Bay), þar sem höfundarréttarvörðu efni er dreift í leyfisleysi í stórum stíl. Var dómunum ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Sambærilegum málum Tals og 365 lauk með réttarsátt 19. nóvember 2014 þar sem þeir féllust á fordæmi í málum Vodafone og Hringdu. Sambærilegu máli gegn Símanum var í endurupptökufarli vegna formgalla þegar úrskurðir héraðsdóms féllu og í kjölfarið var lögð fram ný lögbannsbeiðni á Símann og var lögban einnig lagt á Símann þann 9. nóvember. Lögban var einnig lagt á Nova þann 19. nóvember en í því máli var fallist á að ekki væri þörf á sérstöku staðfestingarmáli fyrir héraðsdómi. Í framhaldinu var send áskorun á aðra aðila er reka fjarskiptanet hér á landi að fylgja þessum fordæmum. Eftir að málum þessum lauk hófust viðræður við stærstu fjarskiptafyrirtækin um hvernig best væri að framfylgja lögbaninu. Er viðræðum þessum enn ólokið.

8. Samskipti við yfirvöld

Í ágúst 2014 ritaði STEF mennta- og menningarmálaráðuneyti bréf þar sem farið var fram á viðræður við ráðuneytið vegna greiðslna fyrir tónlist í kvikmyndum sem sýndar eru í skólum. Í áraræðir hefur það tíðkast að tónhöfundar hafi ekki fengið neina þóknun fyrir sýningar

þessar, þrátt fyrir að slíkar sýningar falli ekki undir undanþáguheimild höfundalaga fyrir fræðslustarfsemi. Engin svör hafa borist við erindinu.

Ekki hafa heldur borist svör vegna bréfs STEFs sem ritað var í maí 2014 þar sem farið var fram á viðræður og úrlausnir varðandi útlán verka tónhöfunda á bókasöfnum sem hefur viðgengist í tugi ára án heimildar. Að þessu leyti hafa tónhöfundar ekki verið jafnsettir rithöfundum og vekur það furðu að í öll þessi ár hafi þessi framkvæmd verið óátalin. Mikilvægt er að úr þessu máli verði greitt áður en bókasöfn fara að lána rafrænt kvikmyndir eða hljóðrit.

9. NCB

Í ljósi þróunar síðustu ára í minni sölu geisladiska og minna tekjustreymi NCB, hefur um alllangt skeið verið ljóst að nauðsynlegt sé að gera breytingar á NCB. Fyrsta skrefið í þeim breytingum hefur þegar verið tekið með stofnun NMP sem með aðkomu PRS for Music er orðinn öflugur aðili í bakvinnslu fyrir bæði on-line og off-line gögn. Næsta skrefið var að skoða vel rekstrargrundvöll NCB og um leið að reyna að eyða þeirri óvissu sem varað hefur um framtíð samtakanna til framtíðar. Niðurstaða þessarar skoðunar var að stjórn NCB samþykkti sérstaka áætlun til fimm ára. Um leið samþykktu aðildarfélögin að NCB yrði til í núverandi formi þann tíma. Þessi samþykkt byggðist á því að sýnt var fram á að með tilteknum sparnaðaraðgerðum og breytingum á þóknun muni rekstur NCB vera í jafnvægi næstu tvö árin. Þá var einnig samþykkt að hrinda hljóðsetningarverkefni NCB úr vör og áætla NCB að hefja leyfisveitingar skv. því haustið 2015.

Þá hefur stjórnin samþykkt nýtt stjórnkerfi NCB sem lagt verður fyrir næsta aðalfund NCB. Í því felst að stjórnin verði minnkuð úr 15 manns í 5 manns, sem þá verði einn frá hverju landi. Er þetta gert í ljósi uppskiptingar NCB í tvö samtök (NCB og NMP) og lækkun tekna NCB. Er þá aðildarfélagunum í sjálfsvald sett hvort þau tilnefndu framkvæmdastjóra, höfund eða forleggjara sem sinn fulltrúa í stjórn NCB. Á móti verður vægi aðalfundar NCB aukið þannig að á honum eigi 15 manns seturétt. Um leið er gert ráð fyrir að hvert félag fyrir sig greiði kostnað af þeim aðilum sem þau senda á aðalfund samtakanna. Í ársreikningi NCB, sem var samþykktur af stjórn, er árið 2014 gert upp með tapi upp á tæpa 5 milljónir DKK. Er það þó um 7% betri árangur en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Hvað varðar innheimtu NCB á Íslandi á árinu 2014, nam hún 3.026 m DKK, eða sem nemur um 60,3 m ISK. Til samanburðar var innheimta NCB árið 2013, 2.860 m DKK, eða sem nemur 58,99 m ISK. Er það aukning í innheimtu á on line tekjum (sem námu um 16,4 m ISK) sem er að vega upp á móti lækkun í hefðbundinni útgáfu.

Vel gengur hjá NMP að vinna fyrir Buma Stemra og eru viðræður í gangi um samstarf um bakvinnslu fyrir off line útgáfu sem fer í gegnum GEMA.

Þann 7. desember verður NCB 100 ára og er gert ráð fyrir hógværum hátíðahöldum í því sambandi. Væntanlega mun sú dagsetning verða einnig notuð til að halda innflutningsparty NCB sem mun flytja á árinu í ódýrara húsnæði.

Nýr framkvæmdastjóri NCB

Framkvæmdastjóri Karsten Dyrberg lét af störfum í ágúst 2014 og tók þá við sem nýr framkvæmdastjóri STIM. Í framhaldinu var Hákan Hildingsson ráðinn framkvæmdastjóri

NCB, fyrst til bráðabirgða en síðan til frambúðar. Var Hákan áður einn af lykilstarfsmönnum NCB.

Heimsókn Henning Jacobsen

Henning Jacobsen frá NCB í Kaupmannahöfn, yfirmaður eftirlitsdeildar, kom til landsins í byrjun júlí og dvaldi hér nokkra daga. Hann hitti flesta framleiðendur DVD og fór yfir reiknishald þeirra. Lagði hann áherslu á að allir framleiðendur væru með samning við NCB. Er verið að fylgja eftir þeim upplýsingum sem fram komu í heimsókninni þessa dagana.

Hagkvæmni reksturs NCB hér á landi

Í tengslum við þessar miklu breytingar innan NCB ákvað STEF að skoða einnig hagkvæmni þess að vera aðili að NCB. Niðurstaða þeirrar skoðunar var í grófum dráttum að STEF gæti ekki fyrir sama fjármagn boðið sambærilega þjónustu hér á landi og NCB veitir. Á sama tíma er þjónusta NMP orðin mikilvæg fyrir STEF sem bakvinnsluaðili on-line samninga s.s. við Spotify og tonlist.is

Er þetta í samræmi við greiningu stjórnar NCB um framtíð NCB en eitt af því sem var skoðað var hvort hagkvæmt væri að færa starfsemina til aðildarfélaga. Skv. skýrslu þeirri sem stjórninni var kynnt, yrði sparnaður mjög lítill af slíku og í raun yrði hann eingöngu falinn í sparnaði vegna yfirstjórnar NCB. Þá myndi taka um 6-12 mánuði að þjálfa nýtt starfsfólk í hverju landi fyrir sig, auk þess sem eftirlitsdeild hvers lands þyrfti að mati NCB að vera a.m.k. tveir starfsmenn, til að þeir gætu haft stuðning og samráð sín á milli.

10. IHM

Tekjur STEFs af IHM vegna eintakagerðar til einkanota eru ekki nema svipur hjá sjón miðað við það sem áður var og má eiginlega segja að þessi tekjustofn sé ekki lengur til. Með rökum er því hægt að halda því fram að forsenda fyrir heimild til gjaldfrjálsrar eintakagerðar til einkanota til handa almenningi sé brostin. Má einnig halda því fram að núverandi staða sé brot á skuldbindingum ríkisins til réttarar innleiðingar Evróputilskipana um sanngjarnt endurgjald til handa rétt höfum, sé slík heimild til eintakagerðar í lögum. Þrátt fyrir mikla vinnu bæði Samtóns og ráðuneytis menntamála var frumvarp til breytinga á þeim hluta höfundalaga ekki lagt fram fyrir vorþing. Strandaði þar helst á kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins. Við berum vonir til þess að frumvarpið verði lagt fram á næsta þingi.

Dómur gekk í máli MBV ehf. gegn IHM vegna endurgreiðslna þann 27. júní 2014 í héraði. Var öllum kröfum MBV ehf. hafnað af dóminum og IHM sýknað. Dóminum var síðan áfrýjað og því miður tapaðist hann í Hæstarétti.

Betur hefur gengið hjá IHM kapall sem er umboðsaðili UBOI hér á landi og innheimtir vegna endurvarps þeirra. Eftir viðræður við SAF (Samtök Ferðaþjónustuna) um samstarf við innleiðingu á greiðslu hótela fyrir endurvarp í gegnum kapalferfi, var niðurstaðan sú að SAF muni koma á framfæri upplýsingum um greiðsluskyldu til sinna félagsmanna og stuðla að þeim nauðsynlegu breytingum sem þurfa að verða á þessu umhverfi hér á landi til samræmis við það sem tíðkast erlendis. IHM kapall er búinn að semja bæði við Skjáinn og Streaming Media ehf. um að selja aðgang að þessum stöðvum til hótela en þessir aðilar ráða yfir kerfum sem gera hótélunum kleift að nálgast sjónvarpsmerki þeirra. Þá hefur IHM kapall einnig samið við Thor Telecom um að bjóða almenningi upp á þessar stöðvar.

11. FJÖLÍS

Á vettvangi FJÖLÍS setti SÍTÓN, samband íslenskra tónbókaútgefanda, fram kröfu um helmingshlutdeild útgefenda í þeim tekjum sem innheimtar hafa verið fyrir afritun nótna ásamt því að SÍTÓN nyti alls útgefendahlutans. Var sú krafa sett fram undir þeim formerkjum að tónbókaútgefendur yrðu þannig jafnsettir tónlistarútgefendum (e. publishers) á Norðurlöndunum. Þar sem tónbókaútgáfa er eingöngu nótnaútgáfa (e. music sheets) er ekki um sambærilega aðila að ræða og var því ekki fallist á þá kröfu. Ekki náðist samkomulag milli aðildarfélaganna um tekjuskiptingu og var að lokum óskað eftir því að FJÖLÍS gerði tillögu um hana á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga. Sú tillaga var lögð fram og samþykkt í desember af öllum fulltrúum í stjórn FJÖLÍS. SÍTÓN gerði fyrirvara við samþykki sitt um að fram færi athugun á ljósritun hið fyrsta og tekjur aðildarfélaganna yrðu leiðréttar til samræmis við niðurstöður athugunarinnar. Tillaga FJÖLÍS gerði ráð fyrir að útgefendahluti teknanna yrði metinn sem 25% hluti. Hann skiptist á milli þriggja aðila, SÍTÓNS, FÍBÚT OG STEFs þar sem útgefendur tónbóka eiga aðild að öllum þremur félögum. Hlutdeild STEFs í þeim hluta er 37,5% eða 67,4% af heildarhlut. Þá var ákveðið að hlutur ÍTM í útgefendahlutanum rynni til STEFs, sem gefur ÍTM áfram möguleika á að sækja um styrki í Nótnasjóð STEFs.

Haldnir hafa verið fundir með skólastjórum tónlistarskóla til að yfirfara forsendur útreiknings á samningum við tónlistarskóla. Fyrir liggur að skólastjórar vilja gera könnun á umfangi og eðli afritunar í tónlistarskólum. Skv. samningum FJÖLÍS þarf Samband sveitarfélaga að eiga aðild að ákvörðun um gerð könnunar og kostnaðarskiptingu þegar um er að ræða tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögunum. Erindi þess efnis liggur nú á borði Sambandsins en auk þess vinnur menntamálaráðuneytið að skoðun á möguleikum þess að yfirtaka samninga við tónlistarskóla og greiða fyrir þá til framtíðar.

Þá er unnið að endurskoðun og gerð nýrra samninga við landssambönd kóra. Unnið er að gerð könnunar á umfangi og flokkun efnis sem afritað er í starfi kóranna með það að markmiði að forsendur eldri samninga verði leiðréttar. Einnig er unnið að endurskoðun samnings við Kirkjuráð vegna afritunar á nótum og öðru efni, einkum í starfi kirkjukóra.

12. Samtónn

Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn hátíðlegur að venju þann 5. desember 2014 með samsöng í Hörpu og þar sem einnig voru veitt verðlaunin Lítill fugl til fjölmiðlamanns sem skarað hefur fram úr varðandi kynningu íslenskrar tónlistar. Að þessu sinni komu verðlaunin í hlut tveggja manna sem saman standa að útvarpsþættinum „Árið er“ á Rás 2. Þetta voru þeir Gunnlaugur Jónsson og Ásgeir Eypórsson.

Íslensku tónlistarverðlaunin

Íslensku tónlistarverðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í Hörpu sem að hluta til fór fram í beinni útsendingu.

Hljóðritasjóður

Hefur Samtónn hafið undirbúning að stofnun Hljóðritasjóðs ríkisins sem hefði svipað markmið og væri svipað uppsettur og Kvikmyndasjóður. Þegar hugmyndir Samtóns eru fullmótaðar verða þær kynntar atvinnu- og nýsköpunarráðherra auk mennta- og menningarmálaráðherra.

Endurgreiðsla útgáfukostnaðar

Á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti fer nú fram vinna við frumvarp þar sem gert er ráð fyrir endurgreiðslu úr ríkissjóði vegna tónlistarupptaka sem fara fram hér á landi, upp að ákveðnu marki fyrir hverja plötu eða einstakt lag. Hefur Samtónn unnið að framgangi þessa máls.

13. Fjárhagur

Flutningsréttartekjur STEFs á árinu námu kr. 609.311.719 sem nemur 5,5% hækkun tekna milli ára. Af því voru innlendar flutningsréttartekjur kr. 397.000.765, en sú tala var 4% hærrí í fyrra, en lækkunin er aðallega tilkomin vegna lækkunar tekna frá einum stærsta viðskiptavini STEFs, 365 miðlum ehf. Hins vegar var 80% aukning á tekjum STEFs erlendis frá milli ára, en þær tekjur námu kr. 92.800.985 á árinu. Þess ber þó að geta að tekjustofn þessi hefur sveiflast mjög á milli ára, hin síðustu ár. Þá var ennfremur veruleg hækkun á tekjum vegna tónlistarveitna á netinu á árinu, en þær fóru úr kr. 8.286.887 í 17.516.518 og munar þar aðallega um auknar tekjur frá tónlistarveitunni Spotify sem hefur jafnt og örugglega stækkað viðskiptavinahóp sinn hér á landi. Kostnaður við rekstur STEFs að frátöldum fjármagnsgjöldum nam kr. 112.580.714 og er það 2,3% hækkun milli ára sem verður að teljast viðunandi, en á árinu féll nokkur lögræðikostnaður á samtökin vegna áðurnefndra málaferla við fyrrum markaðs- og innheimtustjóra samtakanna. Sem hlutfall af heildartekjum nam rekstrarkostnaður 18,5% og er það þriðja árið í röð sem það hlutfall lækkar milli ára.

Að því er fjárhag STEFs varðar er að öðru leyti vísað til ársreiknings samtakanna.

14. Úthlutun

Úthlutun höfundaréttargreiðslna á árinu 2014 nam alls kr. 423.560.885 og er það 14% hækkun frá fyrra ári. Munar þar einna mest um hærrí úthlutanir vegna erlends flutnings á verkum meðlima STEFs. Úthlutun til innlendra rétthafa nam samtals kr. 261.025.292.

Ofangreindar tölur hafa ekki að geyma úthlutun til rétthafa úr sjóðum STEFs, Nótnasjóði, Hljóðritasjóði, Ferðasjóði, Tónskáldasjóði 365 og Tónskáldasjóði Rásar 2 sem allir úthluta einstaklingsbundið skv. umsóknum. Í heild var úthlutað úr þessum sjóðum 29.031.000 kr. Þá er ótalinn Tónskáldasjóður RÚV, sem úthlutaði kr. 12.765.000 á árinu 2014, en hann er í vörslu RÚV. Sé úthlutun þessara sjóða talin með, var úthlutun STEFs í heild á árinu kr. 461.899.975 sem er 16% aukning frá fyrra ári. Þá er enn ótalið framlag STEFs til Menningarsjóðs sem m.a. leggur Tónskáldafélagi Íslands og Félagi tónskálds og textahöfunda til rekstrarfé.